



Borgarráð

Umsögn vegna tækifærisleyfis Skólafélags Menntaskólans í Reykjavík, árshátíð að Gullhömrum, Þjóðhildarstíg 2

Borist hefur umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12. september um tækifærisleyfi til lengri opnunartíma eða til kl. 02.00, aðfaranótt föstudagsins 20. október nk. vegna árshátíðar Menntaskólans í Reykjavík, sem halda á í Gullhömrum, Þjóðhildarstíg 2.

Í 12. gr. málsmæðferðarreglna borgarráðs sbr. ákvæði laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er fjallað um skóladansleiki eða skemmtun fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára á veitingastað sem leyfi hefur til sölu áfengra veitinga. Þar kemur fram að slík skemmtun telst ávallt breyting á skilmálum rekstrarleyfis og fer um slíka umsókn sem um tækifærisleyfi væri að ræða og gilda um hana sömu skilyrði. Í ákvæðinu kemur jafnframt fram að skóladansleikir mega ekki standa lengur en til kl. 01.00 alla daga en borgarráð getur ákveðið að veita jákvæða umsögn um að einn skóladansleikur hvers framhaldsskóla á almanaksári fái að standa til kl. 02.00 ef veitingastaður er ekki umlukinn eða í mjög mikilli nálægð við íbúðabyggð.

Óskað var eftir umsögn skipulagsfulltrúa um umsóknina. Í umsögn skipulagsfulltrúa kemur fram að samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Þjóðhildarstígur 2 á skilgreindu miðsvæði (M9).

Veitingastaðir í flokki III eru heimilir á M9, en þar kemur fram að um sé að ræða áfengisveitingastaði þar sem leika má háværa tónlist. Opnunartími og sala áfengis miðist almennt við kl. 11.00-1.00 á virkum dögum og kl. 11.00-3.00 aðfaranótt laugardags og sunnudags og almennra frídaga, nema annað sé tilgreint fyrir viðkomandi landnotkunarsvæði. Í gildi er jafnframt deiliskipulag fyrir Þjóðhildarstíg 2-6 samþykkt 11.12.2013. Loks kemur fram í umsögninni að ekki sé mælt með að opnunartími fyrir umrædda skemmtun sem er á virkum degi verði lengur en til kl. 1.00. Þjóðhildarstígur 2 er í næsta nágrenni við íbúðabyggð sem er í um 25-30 metra fjarlægð og nokkrar kvartanir hafa borist úr nágrenninu vegna umferðar og hávaða.


Í ljósi ofangreinds er mælt með því að borgarráð veiti ekki jákvæða umsögn um að árshátíðin megi standa til kl. 02:00, aðfaranótt föstudagsins 20. október en að tekið verði jákvætt í að tækifærisleyfi verði veitt til kl. 01:00.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Viktoría Júlía Laxdal



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu



Kópavogur 12.09.2017

Umsagnarbeiðni vegna Tækifærisleyfi

Umsækjandi: Skólafélag Menntaskólans í Reykjavík kt. 650685-0249

Forsvarsmaður: Yngvi Pétursson kt. 111251-6229

Sími : 661-3097 / 863-8373

Vegna: Tækifærisleyfi – Árhátíð Skólafélagsins.

Heiti staðar: Gullhamrar

Að: Þjóðhildarstíg 2, 113 Reykjavík

Netfang: yngvi@mr.is

Sótt hefur verið um tækifærisleyfi fyrir 950 gesti, 19. okt. 2017, frá kl. 16.30 til kl. 02:00 í tilefni af árshátíð Skólafélagsins, sem haldið verður í Gullhómrum, Þjóðhildarstíg 2, 113 Reykjavík.

Gestafjöldi: 950

Umsagnarbeiðni send eftirtöldum aðilum:

Borgarráð Reykjavíkur
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu



leyfi@svslumenn.is



UMSÓKN

UM TÆKIFÆRISLEYFI.

Athugið að umsóknir skulu berast með þriggja vikna fyrirvara

- ☒ Tækifærisleyfi kr. 10.000.- (t.d. úthátíðir, útiðónleikar og tjaldsamtömur)
- ☐ Tímabundið áfengisleyfi kr. 31.500.- (ekki veitt oftar en íólf snum ár hvert vegna sama staðar)

Umsækjandi:

Nafn:	Stefán Stefánsson	Kennitala:	650685-0204
Heimili:	Stefánsson 7	Sími:	863-8873
Pr. og staður:	101 Reykjavík	Gsm:	863-8873
Netfang:	stefan@stefan.is		

Framkvæmdastjóri/ábyrgðamaður umsækjanda:

Nafn:	Yngvi Stefánsson	Kennitala:	111251-6229
Heimili:	Dalhusum 74	Sími:	5675031, 5451900
Pr. og staður:	12 Reykjavík	Gsm:	6113097
Netfang:	yngr@dmr.is		

Staðsetning skemmtanahaldsins:

Nafn staðar:	Gullfoss	Kennitala:	660304-2580
Heimilisfang:	Stefánsson 74	Pr.:	113 Reykjavík

Tækifærisleyfi:

Tilfni skemmtanahalds:		Gestafjöldi:	950
Frá dags:	12.12.2017	Frá kl:	15:30
Til dags:	20.12.2017	Til kl:	02:00
Helstu dagskráráðið: Hótelverður og dæturleikur með tónlist og söng.			
☐ Óskað er eftir útvegun lögreglumanna til dýræðslu og eftirlits:			
Dýræðslu og eftirlit annast (ef aðrir en lögreglan):			
Verður samkoman auglýst og þá hvernig: 50 seður			
Verður samkoman auglýst og þá hvernig: Með plakáti í M. og á vefbúnaði			

Athugasemdir umsækjanda:

Athygli umsækjanda er vakin á að samkvæmt höfundarlögum ber honum að afla heimildar hjá réthöfum tónlistar áður en hún er leikin á skemmtunum. Leyfi til tónflutnings veitir STEF.

Staður: Reykjavík Dags: 11.09.17

Undirskrift umsækjanda/ábyrgðamanns: Yngvi Stefánsson



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Reykjavík 13.9.2017

Reykjavíkurborg

Leyfazeild

Umsögn vegna tækifærisleyfis

Efni: Jákvæð umsögn vegna tækifærisleyfis fyrir

Skólafélag Menntaskólans í Rv Menntaskólinn í Reykjavík kt. 6506850249

Þjóðhildarstígur 2-6 2R 113 Reykjavík

Ábyrgðarmaður / Tengiliður: Yngvi Pétursson

Kennitala: 6506850249

Sími/gsm: 6613097

Slökkviliði hefur borist beiðni yðar dags. 13.9.2017 um umsókn vegna ofangreindrar leyfisveitingar.

Umsögn

Slökkviliðið fellst á að ofangreint leyfi verði veitt enda eru eldvarnir í viðunandi lagi miðað við 950 manns.

Tílefni: Árshátíð Menntaskólans í Reykjavík í Gullhömrum Þjóðhildarstíg 2 - 113 Reykjavík
fimmtudaginn 19.10.2015 frá kl. 16:30-02:00.

Mál metið án skoðunar.

Í lagi.

ATH. Ekki verður slökkt á brunaviðvörðunarkerfi nema öryggisvakt slökkviliðs verði á staðnum.

Virðingafyllst

María Garðarsdóttir